

Rangárþing ytra
Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 8. október 2021
UST202109-286/A.Þ.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 – Þjóðólfshagi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 29. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 vegna breyttrar landnotkunar í Þjóðólfshagi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að lóðir nr. 19, 23 og 27 í Þjóðólfshaga, skammt norðan Suðurlandsvegur vestarlega í sveitarfélaginu, verði skilgreindar sem íbúðarbyggð en í núgildandi skipulagi eru þær skilgreindar sem frístundalóðir.

Umhverfisáhrif íbúðarbyggðar

Í greinargerð er vitnað í kafla 2.1.1 í landsskipulagsstefnu þar sem segir um skipulag í dreifbýli að: „*skipulag sveitarfélags miði að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags og beini vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*“

Að auki bendir stofnunin á að í kafla 3.2.1 í landsskipulagsstefnunni segir að sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í landsskipulagsstefnu að mikilvægt sé að hafa skýr þéttbýlismörk og beina vexti íbúðarbyggðar að þéttbýliskjörnum til að vernda verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland.

Í núgildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 segir að stuðlað verði að þéttingu núverandi íbúðarbyggðar með góðum tengslum við miðlæga þjónustu- og útivistarsvæði og í samfellu við núverandi byggð og að lögð verði áhersla á uppbyggingu á svæðum tengdum núverandi íbúðarbyggð og á auðum lóðum. Enn fremur kemur fram í kafla aðalskipulagsins um stefnu í dreifbýli að samfelldri íbúðarbyggð verði beint í þéttbýlið á Helli.

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæða utan þéttbýlismarka sveitarfélagsins þá telur Umhverfisstofnun mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1. í landsskipulagsstefnu og núgildandi aðalskipulagi.

Virðingarfyllst,

Agnes Porkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur